

Nd.

275. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum við Faxaflóa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verbúðir fyrir fiskibáta utan af landi í þeim verstöðvum við Faxaflóa, þar sem hafnarskilyrði eru fyrir hendi. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka leigunámi húspláss í þessu skyni og útbúa það til notkunar.

2. gr.

Hafa skal samráð og samvinnu við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn um tilhögun og framkvæmd verksins svo og um þátttöku í kostnaði við framkvæmdir. Skorist bæjar- eða sveitarstjórn undan því að taka þátt í kostnaði við að koma upp verbúðum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að reisa þær að öllu á kostnað ríkissjóðs, en hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn skal endurgreiða ríkissjóði hluta af kostnaðinum í þeim hlutföllum, sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 29 23. apríl 1946, sé ekki um algerar bráðabirgðaverbúðir að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnuáráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Ein hin auðugustu fiskimið við landið eru hér í og við Faxaflóa. Hingað safnast því saman mikill fjöldi báta alls staðar að af landinu til þess að stunda róðra á vetrarvertíð ár hvert.

Hafa bátarnir haft viðlegu, sem svo er nefnt, í hinum ýmsu veiðistöðvum við flóann, þó aðallega í veiðistöðvunum á Suðurnesjum. Hefur jafnan verið fyrir hendi það bryggju- og húsrými, sem þurft hefur til þess að taka á móti þeim bátum, sem gera átti út á línuveiðar í Faxaflóa.

Hin öra og stórkostlega aukning á bátafлотanum á þessu ári aðallega hefur skapast hér í bili nokkra erfiðleika hvað þetta snertir. Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir, sem miða að því að skapa möguleika til útgerðar hinum aukna bátafloða, er fyrirjáanlegt, að á vertíð þeirri, sem hefst í byrjun janúar, skortir nokkuð á, að unnt verði að skapa möguleika fyrir útgerð allra þeirra báta, sem ætlað er, að gerðir verði út við flóann, ef ekkert verður að gert.

Jafnframt fjölgun bátanna hefur verið unnið að því að skapa skilyrði í landi, svo sem með stórfelldum hafnargerðum, og má þar tilnefna landshöfn þá, sem rísa á upp í Njarðvíkum, hafnargerðina í Vogum á Vatnsleysuströnd, stækkun hafnarinna á Akranesi og byggingu fiskihafnar í Reykjavík. Öllum þessum framkvæmdum er þó sameiginlegt, að þær eru ekki það langt á veg komnar, að þær geti komið að fullum notum, og sumar aðeins í undirbúningi, svo sem landshöfnin í Njarðvíkum.

Á þeim stöðum, sem hafnarmannvirkin segja til um það, hversu marga báta er unnt að gera út, er ekki um það að ræða, að bráðabirgðaráðstafanir gætu bætt úr. Þannig er ástatt í Sandgerði og Keflavík, og er þar fullraðað á þau hafnarmannvirki, sem fyrir eru.

Þar sem hins vegar skortur á húsnæði takmarkar tölu bátanna, horfir málið öðruvísi við. Þannig er ástatt í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akranesi. Á þessum stöðum ætti að vera unnt, með bráðabirgðarástöfunum, að skapa aðstöðu fyrir þá báta, sem gera á út við Faxaflóa á komandi vertíð, en ekki hafa fengið viðlegupláss vegna skorts á húsnæði.

Með fullri vissu er ekki unnt að segja, hversu margir þeir bátar verða, sem þannig er ástatt um, með því að ýmsir bátaeigendur eru enn mjög óákveðnir um það, hvernig þeir gera báta sína út í vetur, en gera má þó ráð fyrir, að tala þeirra verði 15—20.

Þær ráðstafanir, sem gera þarf til bráðabirgða til þess að skapa þessum bátum aðstöðu til útgerðar, eru ýmist í því fólgnar að koma upp bráðabirgðahúsnæði eða lagfæra hús, sem þegar eru fyrir hendi.

Komi til þess, að ríkið reisi varanlegar verbúðir í einni eða fleiri verstöðvum, þykir eðlilegast, að þær falli undir ákvæði laga um hafnargerðir og lendingarbætur (sbr. niðurlag 2. gr. frumvarpsins).